

Frá íslenskukennurum við Hugvísindasvið Háskóla Íslands

Í tilefni af

Degi íslenskrar tungu

16. nóvember 2011

Í bréf sem íslenskukennarar á Menntavísindasviði Háskóla Íslands sendu Íslenskri málnefnd, dags. 17. október 2011, hvetja þeir til að fylgt verði eftir tillögum málnefndarinnar um að hlutur íslenskunnar verði aukinn í menntun kennara. Vísað var til þessa bréfs í erindi á þingi Íslenskrar málnefndar um málrækt sem haldið var 12. nóvember sl. en þar kom fram að enn hefur hlutur íslenskukennslu í kennaramenntun verið skertur þannig að íslenska hefur nánast verið afnumin sem faggrein í skyldunámi kennara.

Með breytingum sem gerðar voru á skipulagi grunnskólakennaranáms á Menntavísindasviði árið 2007 var íslenska tekin út úr kjarna námsins en þar eru námskeið sem allir kennaranemar sækja. Verðandi leik- og grunnskólakennarar sem ekki velja íslensku sem kjörsvið í námi sínu fá því enga íslenskumenntun á háskólastigi en fá samt full réttindi til að kenna íslensku. Þeirra bíður hið mikilvæga starf að efla málkennd og málskilning íslenskra barna á mesta mótunarskeiði ævi þeirra. Í kennslu eldri barna þurfa kennarar að þekkja hugtök málfræðinnar og geta notað þau til að fjalla um og greina íslenskt mál. Alþekkt er að þekking á móðurmálinu er einnig besti undirbúningurinn undir nám í öðrum tungumálum.

Tungumálið er lykill okkar að veruleikanum, uppistaða í sjálfsmynd, menningu, sögu og bókmenntum. Leik- og grunnskólakennara bíður það skemmtilega starf að miðla menningararfinum, myndum og tónlist, sögum og ljóðum. Til þess þurfa þeir að þekkja barnamenningu og bókmenntir, íslenskar og erlendar, sögur, leikrit og ljóð. Með styttingu framhaldsskólans er hætt við að kennaraefni hafi minni undirbúning í faggreinum þegar þeir hefja framhaldsnámið en áður var.

Vert er að minna á að *Íslenska til alls, íslensk málstefna*, var samþykkt á Alþingi 12. mars 2009 og er gildandi málstefna. Þar er bent á mikilvægi íslenskukennslu í kennaranámi. Í málstefnunni er m.a. sagt að menntun kennara skuli aukin, að lágmarkskrafan verði heils árs nám í íslensku máli, bókmenntum og kennslu íslensku sem annars máls. Enn nýrri eru lög um stöðu íslenskrar tungu og táknmáls (61/2011).

Íslenskukennarar á Hugvísindasviði Háskóla Íslands taka undir vel rökstudda gagnrýni íslenskukennara á Menntavísindasviði og lýsa yfir áhyggjum af þróun íslenskumenntunar kennaraefna og íslenskukennslu í skólakerfinu. Vel menntaðir íslenskukennarar eru eitt besta vopn Íslendinga í baráttunni fyrir því að halda tungumáli sínu og menningararfi lifandi og skapandi í litlu málsamfélagi.